



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 392

Ingimar Guðmundsson
Leikfangaverslunin Fáfir

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 392

Ingimar Guðmundsson, Leikfangaverslunin Fáfni

Formáli

Finnbogi Ingimar Guðmundsson var fæddur að Fjalli í Sæmundahlíð í Skagafirði 6. febrúar 1913, dáinn 20. maí 2001.

Ingimar fluttist til Aðalvíkur með foreldrum sínum á öðru ári. Þau voru Jónína Sveinsdóttir frá Fjalli í Sæmundarhlíð fædd 1883, dáin 1973 og Guðmundur Snorri Finnbogason frá Sæbóli í Aðalvík fæddur 1890, dáinn 1969. Ingimar ólst upp að Görðum í Aðalvík og Þverdal í sömu sveit.

Hann vann við síldarverksmiðjuna á Stekkseyri við Hesteyri meðfram vinnu við heimilið í Þverdal á sumrin 1924-1937. Hann lærði 17 ára gamall í ársfjórðung á orgel í Reykjavík hjá Jóhanni Tryggvasyni upp á hálfa tunnu saltkjöts. Hann var organisti við Staðarkirkju í Aðalvík á meðan hann bjó þar. Ingimar vann við ýmis störf um ævina til sjós, bifreiðarstjóri, hjá S.Í.S og rak matvöruverslunina Snorrabúð á Bústaðaveginum ásamt föður sínum. Seinna kjörbúð Laugarness við Dalbraut í Reykjavík, sem var ein af fyrstu kjörbúðum landsins. Ingimar keypti og rak verslunina Fáfni sem var síðast við Klapparstíg 40.

Ingimar kvæntist Sigprúði Helgadóttur fædd 1915, dáin 1978 og eignaðist með henni tvo syni Ingimar Hauk fæddur 6. september 1943 og Guðmund Snorra fæddur 22. febrúar 1948. Ingimar var seinna í sambúð með Margréti Guðmundsdóttur dáin 1984.

Skjalaskrá

Askja 1

Sjóðdagbók Leikfangaverslunarinnar Fáfnis, Klapparstíg 40, Reykjavík 1965-1970.
Umslög og póströfufuseðlar merktir versluninni Fáfni.
Jólakort gefin út af Áskirkju.

Stenslar – myndmót (notaðar í auglýsingar fyrir verslunina Fáfni).
Ljósmynd af Kjörbúð Laugarness, Dalbraut 3.

Skráð 2009, 2012,
Bergþóra Annasdóttir
og Guðjón Indriðason